

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 70/2014

2014/EES/64/38

frá 27. janúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir
er varða áhöfn í almenningssflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um
almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu
og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar
(EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum
6. mgr. 7. gr., 5. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
nr. 1178/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um nákvæmar reglur
um tiltekin flugmannsskírteini, um breytingu á
þjóðarskírteinum og -vottorðum og um skilyrði fyrir
samþykki skírteina frá þriðju löndum. Í reglugerð
(ESB) nr. 1178/2011 eru auk þess ákvæði er varða
vottun samþykktra þjálfunarfyrirtækja og rekstraraðila
flughermisþjálfara, sem notaðir eru til að þjálfra, prófa og
meta hæfni flugmanna.

2) Ákvæði 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 þar
sem fjallað er um að loft hæfi voru rýmkuð til að
fella þætti, sem varða mat á öruggri starfrækslu, inn í
framkvæmdarreglurnar um tegundarvottun.

3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hérá eftir nefnd „Flugöryggis-
stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt
væri að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
nr. 748/2012 ⁽³⁾ í því skyni að gera Flugöryggisstofnuninni
kleift að samþykkja gögn um örugga starfrækslu sem
hluta af ferlinu við tegundarvottun.

4) Gögnin um örugga starfrækslu ættu að innihalda skyldu-
bundna þjálfunarþætti að því er varðar þjálfun flugliða
til tegundarréttinda. Þessir þættir ættu að skapa grunn að
þróun námskeiða fyrir tegundarþjálfun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 25. Hennar
var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2014 frá
25. september 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við
EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

5) Í kröfunum um að koma á fót þjálfunarnámskeiðum
til tegundarréttinda fyrir flugliða er vísað til gagna um
örugga starfrækslu en ef gögnin um örugga starfrækslu
eru ekki tiltæk ætti að vera til staðar almennt ákvæði auk
umbreytingarráðstafana.

6) Flugöryggisstofnunin samdi drög að framkvæmdarreglum
um hugtakið „gögn um örugga starfrækslu“ og lagði þau
fyrir framkvæmdastjórnina sem álit ⁽⁴⁾, í samræmi við 1.
mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

7) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til
samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót
með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 9. gr. a bætist við:

„9. gr. a

**Þjálfun til tegundarréttinda og gögn um örugga
starfrækslu**

1. Ef vísað er til gagna um örugga starfrækslu, sem
ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
í viðaukum þessarar reglugerðar og ef engin slík gögn eru
tiltæk fyrir viðeigandi tegund loftfars skal umsækjandi um
þjálfunarnámskeið til tegundarréttinda einungis uppfylla
ákvæðin í viðaukum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011.

⁽⁴⁾ Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2011 frá 13. desember 2011,
aðgengilegt á: <http://easa.europa.eu/agency-measures/opinions.php>

2. Þjálfunarnámskeið til tegundarréttinda, sem samþykkt eru áður en lágmarksnámsefni fyrir tegundarréttindi flugmanna hefur verið samþykkt, samkvæmt gögnum um örugga starfrækslu fyrir viðeigandi tegund loftfars í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skulu fela í sér skyldubundna þjálfunarþætti, eigi síðar en 18. desember 2017 eða innan tveggja ára frá því að gögn um örugga starfrækslu voru samþykkt, hvort sem síðar verður.“

2) Ákvæðum VII. viðauka (ORA-HLUTA) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIDAUKI

Ákvæðum VII. viðauka (ORA-HLUTA) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í ORA.GEN.160 komi eftirfarandi:

„b) Með fyrirvara um a-lið skal fyrirtækið tilkynna lögbæra yfirvaldinu og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins, um öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk og öll atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar, sem er að finna í gögnum um örugga starfrækslu, sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 (*), eða aðrar óvenjulegar aðstæður sem hafa stofnað eða kunna að stofna öruggri starfrækslu loftfars í hættu en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.“

(*) Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

2) Í stað ORA.ATO.145 komi eftirfarandi:

„ORA.ATO.145 Skilyrði fyrir þjálfun

a) Samþykkt þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að nemendur uppfylli öll skilyrði fyrir þjálfun, sem eru fastsett í MED-hluta, FCL-hluta og, ef við á, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Ef um er að ræða samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem veita reynsluflugþjálfun, skulu nemendur uppfylla öll skilyrði fyrir þjálfun sem fastsett eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

3) Í stað 2. liðar a-liðar í ORA.FSTD.210 komi eftirfarandi:

„2) fullgildingargögn loftfars, sem skilgreind eru í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu, sem eru samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef við á, og“.